# Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020-2035

## Tillaga að óverulegri breytingu á íbúðarbyggð (ÍB-801)




Gildandi aðalskipulag Þéttbýlisuppdráttur Steinsstaðir staðf. 04.04.2022

mkv.: 1:10.000

### BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á greinargerð, töflu 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

*Tafla fyrir breytingu*

Tafla 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

| Nr# | Staður | Stærð (ha) | Fjöldi nýrra íbúða | Núverandi íbúðir | Tími* |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍB-801 | Lækjarbakki – Steinaborg | 4,6 | 10 | 9 | 1, 2 |
| ÍB-802 | Laugarhvammur | 0,4 | 2 | 2 | 1, 2 |
| Samtals | | 5 | 12 | 11 | |

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbygginga r.

*Tafla eftir breytingu*

Tafla 8.1 Íbúðarbyggð á Steinsstöðum og fjöldi íbúða

| Nr | Staður | Stærð (ha) | Fjöldi íbúða | Fjöldi nýrra íbúða | Núverandi íbúðir | Tími* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍB-801 | Lækjarbakki – Steinaborg | 4,6 | 24 | 15 | 9 | 1, 2 |
| ÍB-802 | Laugarhvammur | 0,4 | 4 | 2 | 2 | 1, 2 |
| Samtals | | 5 | 28 | 17 | 11 | |

* 1: 2020-2027, 2: 2028-2035. Áætluð áfangaskipting uppbyggingar.

### GREINARGERÐ

Sveitarstjórn Skagafjarðar leggur fram tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélags Skagafjarðar 2020 – 2035 sem felur í sér fjölgun íbúða innan svæðis ÍB-801 á Steinsstöðum, sem er við Lækjarbakka og Merkigarðsveg. Aðalskipulag Sveitarfélags Skagafjarðar 2020 – 2035 var staðfest 4. apríl 2022.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir þróun íbúðarbyggðar ÍB-801 í góðu samhengi við núverandi byggð til að stuðla að hagkvæmri nýtingu innviða. Núverandi íbúðir innan ÍB-801 eru 9 talsins. Á grundvelli nýs deiliskipulags fyrir hluta ÍB-801 er gerð breytinga á töflu 8.1 þar sem fjöldi nýrra íbúða verður 15 þannig að heildar fjöldi í ÍB-801 verði 24. Nýjum dálki er bætt við töfluna með samantekt heildarfjölda íbúða. Ekki er gerð breyting á uppdrætti aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn Skagafjarðar telur að breytingin sé óveruleg sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagsglaga nr. 123/2010 og að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 30.-32. gr. skipulagslaga. Breytingin telst óveruleg þar sem húnfelur ekki í sér breytta landnotkun heldur lítilsháttar fjölgun íbúða. Breytingin er ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila.

### UMHVERFISÁHRIF

Umhverfismat skoðar og metur áhrif breytingartillögu til samanburðar við áhrif óbreyttrar stefnu aðalskipulags. Þétting byggðar innan ÍB-801 er í samræmi við ákvæði í gildandi aðalskipulagi. Áhrif breytingar eru engin á umhverfisþætti.

### SKÝRINGAR

- Þéttbýlismörk (ÞM)
- Reiðleið
- Tengivegur
- Hitaveita
- Aðrir vegir og götur
- Hús
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Athafnasvæði (AT)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Landbúanaðarsvæði (L)
- Mörk skipulagsbreytinga

Skagafjörður
Skipulagsfulltrúi

**Samþykkt og staðfesting**

Aðalskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

þann 13.12. 2023

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 26. april 202_

SKIPULAGSSTOFNUN

**Breyting á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035**
**Þéttbýlisuppdráttur Steinsstaðir**
**Íbúðarbyggð ÍB-801 Lækjarbakki - Steinaborg**

Breyting á töflu

| | |
|---|---|
| Hnitakerfi: ISN93 | Blaðstærð: A3 |
| Breyting: | Skipulag:ASK |

VSÓ RÁÐGJÖF

| | |
|---|---|
| Teikning: 22630_ASK_T_THU_06 | Dags.: 8.12.2023 |
| Skipulag: ÍAK | Yfirf.: HTT |